

Fasteignafélagið Þórkatla hf.

Fundargerð 78. stjórnarfundar 29. maí, 2026 kl. 08:40 – 10:00.

Mætt voru: Örn Viðar Skúlason, Óskar Jósefsson, Hermann Hermannsson og Guðrún Þorleifsdóttir sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Fundargerð

Fundargerð 77. fundar samþykkt.

2. Kaup fasteigna

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu fimm mála sem eru í vinnslu.

Hann lagði að auki fyrir fundinn að taka ákvörðun um afgreiðslu í nokkrum málum. Í einu tilviki var um að ræða umsókn um kaup þar sem óskað er eftir því að vikið verði frá skilyrðinu um lögheimili í eign. Eftir skoðun á umsóknargögnum var ákveðið að boða synjun á umsókn. Í öðru tilviki var um að mál þar sem þegar hafði verði tekin ákvörðun um lækkun kaupverðs vegna ástands eignar. Eftir skoðun á gögnum var ákveðið að staðfesta fyrri ákvörðun.

3. Skýrsla framkvæmdastjóra

Undir þessum lið fór framkvæmdastjóri yfir stöðu ýmissa verkefna.

Í heildina hafa verið gerðir 289 hollvinasamningar og þar af er 151 með gistiheimild. Alls eru níu eignir sem félagið hefur keypt óafhentar. Tvær af þeim keypti félagið 2025 og sjö 2026.

Niðurrif nokkurra húsa í eigu félagsins stendur enn yfir.

Ýmis vinna stendur yfir sem varðar undirbúning á endursölu á húsum.

Framkvæmdastjóri fór yfir rekstur félagsins í apríl.

4. Hollvinasamningar

Framkvæmdastjóri lagði til á fundinum á opnað verði aftur fyrir heimild til að gera hollvinasamning með gistiviðauka. Samningar geti verið í gildi frá byrjun júní og fram til loka ágúst. Jafnframt að frá og með 1. september verði gerðar breytingar á fyrirkomulagi hollvinasamninganna. Stjórn samþykkti tillöguna.

5. Aðgerðir sem varða öryggismál

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðuna á öryggismálum. Vinna stendur yfir við ýmis atriði.

6. Ábyrgð stjórnar og starfsmanna

Á fundinum fór fram umræða um ýmis atriði sem varða mögulega ábyrgð stjórnar og starfsmanna félagsins. Bæði stjórn og starfsmenn sinna verkefnum sem unnin eru við afar óvenjulegar aðstæður á svæði þar sem óvissuástand eða jafnvel hættuástand ríkir. Verði slys á fólki eða tjón á eignum má gera ráð fyrir kröfum á þá einstaklinga sem vinna á vegum félagsins. Málskostnaður gæti mögulega orðið verulega íþyngjandi kæmi til þess að starfsmenn sættu kröfum eða ákærum vegna t.d. slysa á fólki í eða við fasteignir í eigu félagsins.

Stjórn fól framkvæmdastjóra að kanna þessi mál frekar í samstarfi við lögmenn félagsins.

7. Önnur mál

Fleira ekki rætt og fundi slitið um kl. 10:30.

Guðrún Þorleifsdóttir 

Óskar Jósefsson